

Moldun

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson - Antwerpen 1540 / Breytt 1840

Blessun

Eftirspil

Gabriel's Oboe

Ennio Morricone



Prestur: Sr. Sunna Dóra Möller

Organisti: Sólveig Sigríður Einarsdóttir

Einsöngvari: Sigríður Thorlacius

Umsjón útfarar: Útfararstofa Kirkjugarðanna

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug.

Jarðsett verður í Kópavogskirkjugarði.



Sigríður Ólafsdóttir

Fædd 23. nóvember 1932

Dáin 16. mars 2021



Útför frá Digraneskirkju
föstudaginn 26. mars 2021

Forspil

Ave María

Sigvaldi S. Kaldalóns

Signing og bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

Adams / Matthías Jochumsson - L. Mason

Ritningarlestur

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson - P. C. Krossing 1820

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom / Sveinbjörn Egilsson - P. C. Krossing 1820

Ritningarlestur

Einhvern tímann ef til vill
og óralangt frá þessum stað,
mun ástin hörfa heim til þín
og hjartans dyrum knýja að.

Og einmitt þá og einmitt þar
mun ástin krefja þig um svar
og þá er rétt að rifja upp orðin mín.

Þau eru stirð, þau eru fá,
þau sjálfsagt aldrei flugi ná
þau munu engu' að síður alltaf bíða þín.

Því hvað er ást og hvað er svar
og hvernig geymist allt sem var?
Mundu' að hvar sem hjartað slær
hamingjan er oftast nær.

Og einmitt þá og einmitt þar
mun ástin krefja þig um svar
og þá er rétt að rifja upp orðin mín.

Þau eru stirð, þau eru fá,
þau sjálfsagt aldrei flugi ná
þau munu engu' að síður alltaf bíða þín.
Einmitt þá og einmitt þar.
mun ástin krefja þig um svar.

Bragi Valdimar Skúlason

Guðspjall

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt
sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt
hverju orði fylgir þögn
og þögnin hverfur alltof fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt
aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr
enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund
því fegurðin í henni býr.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Bragi Valdimar Skúlason

Minningarorð

Heyr mína bæn
mildasti blær.
Berðu kveðju mína yfir höf,
syngdu honum saknaðarljóð.

Vanga hans blítt
vermi þú sól,
vörum mjúkum kysstu hans brá,
ástarorð hvísla mér frá.

Syngið þið fuglar
ykkar fegursta ljóðaval,
flytjið honum í indælum óði
ástarljóð mitt.

Heyr mína bæn
bára við strönd,
blítt þú vagga honum við barm,
þar til svefninn sígur á brá.

Draumheimi í
dveljum við þá,
daga langa, saman tvö ein.
Heyr mínar bænir og þrá.

Ólafur Gaukur - Mario Panzeri

Bæn og Faðir vor

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, –
líf mannlegt endar skjótt.